

# LÖG

## um breytingu á lögum um fullnustu refsinga, nr. 49/2005 (rafrænt eftirlit, samfélagsþjónusta).

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðanna „ljúka afplánun“ í 1. mgr. 24. gr. laganna kemur: afplána hluta refsingar.

2. gr.

Á eftir 24. gr. laganna koma þrjár nýjar greinar, 24. gr. a – 24. gr. c, sem orðast svo ásamt fyrirsögnum:

a. (24. gr. a.)

### *Fullnusta utan fangelsis. Rafrænt eftirlit.*

Þegar dæmd refsing er 12 mánaða óskilorðsbundið fangelsi eða lengri getur fangelsismálastofnun leyft fanga að ljúka afplánun utan fangelsis enda hafi hann á sér búnað svo að unnt sé að fylgjast með ferðum hans.

Þegar dæmd refsing er 12 mánaða óskilorðsbundið fangelsi er afplánun undir rafrænu eftirliti 30 dagar. Afplánun undir rafrænu eftirliti lengist um 2,5 daga fyrir hvern dæmdan mánuð og getur orðið 240 dagar hið mesta.

b. (24. gr. b.)

### *Skilyrði rafræns eftirlits.*

Skilyrði þess að rafrænt eftirlit komi til álita eru:

1. að fangi teljist hæfur til að sæta rafrænu eftirliti,
2. að fangi hafi fastan dvalarstað sem samþykktur hefur verið af fangelsismálastofnun,
3. að maki fanga, forráðamaður, nánasti aðstandandi eða húsráðandi samþykki að hann sé undir rafrænu eftirliti á sameiginlegum dvalarstað þeirra,
4. að fangi stundi vinnu, nám, sé í starfsþjálfun, meðferð eða sinni öðrum verkefnum sem fangelsismálastofnun hefur samþykkt og er liður í aðlögun hans að samfélaginu á ný,
5. að fangi hafi áður nýtt sér úrræði skv. 1. mgr. 24. gr. með fullnægjandi hætti,
6. að fangi hafi ekki rofið skilyrði rafræns eftirlits á síðastliðnum þremur árum,
7. að fangi eigi að jafnaði ekki mál til meðferðar hjá lögreglu, ákærvaldi eða dómstólum þar sem hann er kærður fyrir refsiverðan verknað enda sé málið rekið með eðlilegum hætti og dráttur því ekki af völdum fangans.

c. (24. gr. c.)

*Skilyrði í rafrænu eftirliti.*

Rafrænt eftirlit skal bundið eftirfarandi skilyrðum:

1. að fangi sé undantekningarlaust á dvalarstað sínum frá kl. 18 til kl. 19 og frá kl. 23 til kl. 7 mánudaga til föstudaga og frá kl. 21 til kl. 7 laugardaga og sunnudaga; jafnframt skal fangi vera á dvalarstað sínum ef hann sækir ekki vinnu, nám, starfsþjálfun, meðferð eða önnur verkefni sem fangelsismálastofnun hefur samþykkt á virkum degi vegna veikinda eða af öðrum ástæðum nema að höfðu samráði við fangelsismálastofnun,
2. að fangi neyti ekki áfengis eða ávana- og fíkniefna,
3. að fangi fremji ekki refsiverðan verknað.

Auk þess má ákveða að rafrænt eftirlit verði bundið eftirfarandi skilyrðum:

1. að fangi hlíti fyrirmælum fangelsismálastofnunar um umgengni við aðra menn og iðkun tómsundastarfa,
2. að fangi sæti sérstakri meðferð sem fangelsismálastofnun ákveður.

Heimilt er að krefjast þess að fangi undirgangist rannsókn á öndunarsýni eða blóð- og þvagrannsókn. Synjun fanga á slíkri rannsókn gildir sem rof á skilyrðum rafræns eftirlits.

Áður en fullnusta á fangelsisrefsingu með rafrænu eftirliti hefst skal kynna fanga ítarlega þær reglur sem gilda um rafrænt eftirlit og staðfesting hans fengin á því að hann vilji hlíta þeim.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 25. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „vistunar“ og „vistun“ í 1. mgr. kemur: fullnustu.
- b. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Rof á skilyrðum fullnustu utan fangelsis.*

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 27. gr. laganna:

- a. 1. mgr. orðast svo:
 

Þegar maður hefur verið dæmdur í allt að níu mánaða óskilorðsbundið fangelsi er heimilt, ef almannahagsmunir mæla ekki gegn því, að fullnusta refsinguna með ólaunadri samfélagsþjónustu, minnst 40 klukkustundir og mest 360 klukkustundir. Fangelsismálastofnun getur ákveðið að hluti ólaunuðu samfélagsþjónustunnar skuli felast í viðtalsmeðferð eða viðurkenndu námskeiði, enda nemi sá hluti samtals aldrei meira en einum fimmta samfélagsþjónustunnar.
- b. Í stað orðanna „sex mánuðir“ í 2. og 3. mgr. kemur: níu mánuðir.

5. gr.

Við 2. mgr. 64. gr. laganna bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Að aðili hafi á sér búnað svo að fangelsismálastofnun eða annar aðili sem hún velur geti fylgst með ferðum hans í samræmi við þau fyrirmæli sem fangelsismálastofnun hefur sett honum.

6. gr.

Við 2. mgr. 80. gr. laganna bætist: sem og um fullnustu refsinga utan fangelsis.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 2011.

*Gjört á Bessastöðum, 27. september 2011.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**  
(L. S.)

---

*Jón Bjarnason.*

---

A-deild – Útgáfud.: 29. september 2011